

7. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðenda.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Þingeyri, 28. september 1968.

AUGLÝSING

**um breytingu á reglugerð nr. 25 6. marz 1959,
um útflutning hrossa.**

1. gr.

Aftan við 9. gr. reglugerðarinnar komi ný málsgrein svo hljóðandi:
Landbúnaðarráðuneytið getur þó veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar um útflutning á fyllsugum til nóvemberloka 1968, enda verði þá gerðar sérstakar ráðstafanir til að fylgjast með líðan hrossanna.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerðarbreyting þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 64 26. nóvember 1958, um útflutning hrossa, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 15. október 1968.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Skriðdalshreppi í Suður-Múlasýslu.

Fasteignaskatt í Skriðdalshreppi, Suður-Múlasýslu, skal innheimta með 200% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 4. október 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.